

Orkustofnun
María Guðmundsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 30. maí, 2024
UST202404-215/R.K.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - Rannsóknarleyfi á jarðhita sunnan við Bolaöldu - Reykjavík Geothermal

Tilgangur rannsóknarleyfis er að afla nægjanlegra upplýsinga til að meta möguleika á nýtingu jarðhita til varma- og raforkuframleiðslu og annarra hliðargreina þannig að jarðhitinn nýtist sem best. Rannsóknirnar miða að því að meta stærð og útbreiðslu möguleiks jarðhitageymis, hitastig þess, efnasamsetningu, dýpi og orkumöguleika væntanlegs jarðhitageymis. Rannsóknirnar skiptast í yfirborðsrannsóknir og tilraunaboranir ef yfirborðsrannsóknir gefa jákvæðar niðurstöður og leyfi fást.

Rannsóknarleyfið er hugsað sem framhald á fyrra rannsóknarleyfi RG númer OS-2018-L022-02 þar sem mögulegt jarðhitasvæði er að finna suðvestur hluta þess svæðis. Vonast er til að með útvíkkun á því rannsóknarsvæði megi afmarka betur legu þessa jarðhitamöguleika. Rannsóknarleyfið felur ekki í sér tilraunaboranir eða aðrar framkvæmdir né heldur framkvæmd virkjunarinnar og engin nýting er fyrirhuguð á svæðinu.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að Heiðin há nýtur sérstakrar verndar samkvæmt a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdir gera ráð fyrir röskun á hrauni þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Umhverfisstofnun beinir því til leyfishafa að huga vel að verndargildi þeirra svæða sem eru innan rannsóknarsvæðisins og tryggja að jarðmyndunum sem hafa hátt verndargildi sé ekki raskað.

Frágangur gróðurþekju

Umhverfisstofnun beinir því til framkvæmdaraðila að huga vel að frágangi gróðurþekju. Að rannsóknarsvæðið verði staðsett þannig að það valdi sem minnstu raski á gróðri og að rannsóknaraðilar hugi að verndargildi þeirra vistgerða sem finnast á rannsóknarsvæðinu. Engin umfjöllun er um verndargildi eða vistgerðir á rannsóknarsvæðinu.

Akstur utan vega

Samkvæmt 1. málsgrein 31. greinar náttúruverndarlaga er akstur vélknúinna ökutækja utan vega óheimill. Þó er heimilt að aka á slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis, svo lengi sem jörð sé frosin og ekki hætta á náttúruspjöllum. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd lagana og veitir m.a. leyfi og umsagnir skv. ákvæðum laganna.¹

Ákveðnar undantekningar frá banni við akstri utan vega eru til staðar, t.d. fyrir landbúnaðarstörf, björgunarstörf, lögreglustörf, landgræðslu og rannsóknir. Þessar heimildir eru til staðar svo framarlega sem ekki sé unnt að sinna viðkomandi störfum á annan hátt og ekki sé hætta á náttúruspjöllum.

Rannsóknarleyfishafi getur ef ekki er hægt að komast að rannsóknarsvæði með öðrum leiðum s.s göngu, ekið þangað á vélknúnum ökutækjum, en skal ávallt gæta ítrustu varúðar og óheimilt er að valda raski eða náttúruspjöllum við slíkan akstur.

¹ [Akstur utan vega](#)

Vatn

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamál nr. 36/2011 en markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Með þeirri leyfisumsókn sem hér er til umfjöllunar er aðeins sótt um rannsóknarleyfi til yfirborðsrannsókna. Ef jákvæðar stöður fást verður farið í tilraunaboranir en þær eru ekki hluti af þessari leyfisumsókn. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að mengunarvörnum þegar farið er um svæðið og þegar spólur eru grafnar í jörðu svo að mengun komist ekki í vatn ef óhapp verður. Tryggja þarf að umhverfismarkmið um gott efnafræðilegt ástand grunnvatnshlota á svæðinu náist.

Virðingarfyllt,

Ríkey Kjartansdóttir,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur